



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

33. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, fimmtudaginn 16. apríl 2026 kl. 08:30.

#### Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

#### Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

### 1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2026

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2026.

*Lagt fram til kynningar. Steinari falið að taka saman minnisblað um íbúðina í félagsheimilinu og möguleika á að útbúa þar skrifstofuástöðu til útleigu.*

### 2. Loftræstikerfi í íþróttamiðstöðinni á Borg

Fyrir liggur að töluverður hávaði berst frá loftræstikerfi nýrrar viðbyggingar við íþróttamiðstöðina á Borg en búnaður kerfisins er staðsettur á óheppilegum stað m.t.t. hljóðmengunar.

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að búnaður loftræstikerfisins verði færður upp á þak. Nefndin gerir ráð fyrir því að kostnaðurinn falli á hönnuð loftræstikerfisins enda telur nefndin staðsetningu búnaðarins vera hönnunargalla.*

### 3. Leikskólalóð – Leiktæki og lóðavinna

Lagðar fram upplýsingar um þau tæki sem pöntuð voru á leikskólalóð ásamt upplýsingum um kostnað við að koma þeim upp.

*Lagt fram til kynningar.*

### 4. Umsókn um varmadælustyrk

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 var gert ráð fyrir að veita styrki vegna varmadælna.

*Nefndin tók til umræðu kröfur sem gerðar eru til fylgigagna með umsóknum. Mikilvægt er að skýrt sé á þeim reikningum sem berast eða í fylgiskjöllum hvaða kostnaður tilheyrir umræddri framkvæmd. Gert er ráð fyrir að umsóknir verði afgreiddar á næsta fundi framkvæmda- og veitunefndar en þá verður umsóknarfresti lokið.*



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 5. Fundargerð dags. 17.03.2026 af fundi með landeigendum á Villingavatni

Fyrir liggur fundargerð dags. 17.03.2026 af fundi með landeigendum á Villingavatni. Rætt var um möguleika á samstarfi Grímsnes- og Grafningshrepps og landeigenda um jarðhitaleit í jörðinni.

*Ragnari falið að vinna drög að samkomulagi um borun á rannsóknarholum í jörðinni.*

### 6. Aðstaða fyrir farnetssendi á Borg

Fyrir liggur að Míla hefur áhuga á að bæta farsímasamband á Borg og svæðinu í kringum Borg. Í viðleitni sinni til þess kemur til álita að setja upp nýtt mastur við hlið nýrrar björgunarmiðstöðvar við Þinggerði.

*Framkvæmda- og veitunefnd felur Steinari að vinna áfram að málinu og óska eftir að mastrinu verði bætt inn á þrívíddarteikningu af björgunarmiðstöðinni áður en ákvörðun verður tekin um að heimila staðsetningu masturs á lóðinni.*

### 7. Minnisblað dags. 5.3.2025 um infrarauða panela í íþróttamiðstöð

Fyrir liggur minnisblað dags. 5.3.2025 frá Agnari Þór Helgasyni forstöðumanni íþróttamiðstöðvarinnar og Óttari Guðlaugssyni heilsu- og tómstundafulltrúa um infrarauða panela í íþróttamiðstöð. Í minnisblaðinu kemur fram að búið sé að fá tilboð í infrarauða panela og er hagstæðasta verðið frá bandaríska framleiðandanum Heating Green.

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að keyptir verði hitapanelar frá Heating Green í samræmi við þá tillögu sem lögð er fram í minnisblaðinu.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:03